



# Hrunamannahreppur

Alþingi  
Bt. Nefndasviðs

Flúðum 23. október 2023

## **Varðar: samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 - mál nr. 315.**

Á fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps þann 19. október s.l. var lögð fram umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 12. október 2023 um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028, 315. mál.

Afgreiðsla sveitarstjórnar var svohljóðandi:

*Sveitarstjórn fagnar því markmiði sem fram kemur í fyrirbyggjandi samgönguáætlun en þar kemur fram að samgöngur eigi að vera greiðar, öruggar, hagkvæmar og umhverfislega sjálfbærar auk þess að þær stuðli að jákvæðri byggðapróun. Eitt af höfuðmarkmiðum í áætluninni er bætt vetrarþjónusta og fækkun malarvega og í því sambandi hefur verið rætt um að framkvæmdir og þjónusta eigi að taka mið af umferðarþunga. Því minnir sveitarstjórn á fyrri erindi vegna vetrarþjónustu á Skeiða- og Hrunamannavegi frá Flúðum og að Biskupstungnabraut. Snjómokstur á þeim vegi, frá Flúðum að Kjóstöðum, er eingöngu tvisvar í viku sem er einsdæmi ef horft er til stofnvega á Suðurlandi.*

*Einnig er minnt á mikilvægi þess að stofnvegum á Gullna hringnum verði vel sinnt en á Gullna hringnum eru ma. fjölsóttustu ferðamannastaðir landsins Þingvellir, Geysisir og Gullfoss. Sveitarstjórn tekur undir sjónarmið sveitarstjórnar Bláskógabyggðar um að ný brú verði byggð yfir Tungufljót milli Gullfoss og Geysis fyrr en áætlunin gerir ráð fyrir en líklega er hér um fjölförnustu einbreiðu brú landsins er að ræða.*

*Að lokum vill sveitarstjórn ítreka mikilvægi þess að vegakerfi Suðurlands sé sinnt með þeim hætti að öryggi sé tryggt enda eru á svæðinu fjölförnustu vegir landsins með tilheyrandi hættu og umferðarþunga.*

Þessi afgreiðsla sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Alds Hafsteinsdóttir  
Sveitarstjóri



Sveitarstjórinn í  
Hrunamannahreppi